

SÉRTÆK STARFSSKILYRÐI

fyrir starfsemi þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta

samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti og 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

1 Gildissvið

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir starfsemi þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta og viðhafa skal sérstakt hreinlæti og smitgát vegna hollustuhátta, svo sem heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, sjúkrastofnanir, stofur þar sem framkvæmdar eru aðgerðir, svo sem tannlæknastofur, lækna- og meðferðarstofur og fótaaðgerðarstofur, kírópraktor, osteópatí, sjúkranudd og sjúkrabjálfun. Jafnframt gilda almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi fyrir ofangreinda starfsemi.

Komi fram ósamræmi milli starfsskilyrða þessara og þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, þá ganga lög og reglugerðir framar starfsskilyrðum.

2 Aðstaða

2.1 Vinnu- og aðgerðarými, skurðstofur

Tryggja skal gott aðgengi starfsfólks að handlaug í tengslum við hvers kyns heilbrigðisþjónustu.¹

Rými sem ætluð eru til aðgerða skulu vera vel aðgreind og þannig útbúin að ekki verði smithætta eða sýkingarhætta frá öðru rými.²

Í vinnu- og aðgerðarýmum fótaaðgerðastofa og annarra heilbrigðisstofa skal vera handþvottaaðstaða með handlaug, fljótandi handsápu, gerileyði og einnota handþurrkum eða sambærilegu og gott aðgengi að skolvaski. Eftirlitsaðili getur gert ítarlegri kröfur vegna smitgátar, svo sem um handfrjálсан búnað.³

¹ Rg. 903/2024, 35. gr.

² Rg. 903/2024, 35. gr.

³ Rg. 903/2024, 32. gr., 35. gr.

Á skurðstofum skal vera sérstök handþvottaaðstaða og einnig aðskilið rými með viðeigandi búnaði til hreinsunar og hægt að aðskilja hreint og óhreint. Loftræsing skal vera í samræmi við leiðbeiningar sóttvarnalæknis.⁴

Nauðsynleg aðstaða og búnaður skal vera til staðar til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum, svo sem borð, skolvaskur, áhaldapvottavél og gufusæfir, sem og nægjanlegt rými til að aðskilja hreint frá óhreinu og til geymslu á hreinum og dauðhreinsuðum áhöldum.⁵

2.2 Önnur rými

Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu sem hönnuð er á grundvelli algildrar hönnunar. Baðaðstaða skal vera til staðar fyrir viðskiptavinum þar sem við á. Eftirlitsaðili getur gert ítarlegri kröfur vegnar smitgátar, svo sem um aðstöðu til að skipta um föt.⁶

Á sjúkrastofnunum, svo sem dvalar- og hjúkrunarheimilum, og í húsnæðisúrræðum þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt, skal fullbúin baðaðstaða og fullbúin snyrting vera til staðar sé hún ekki inn af hverju íbúðarherbergi. Skulu aldrei vera fleiri en tíu heimilismenn um baðaðstöðu með búningsklefa og fullbúna snyrtingu. Baðaðstaða skal standast kröfur til friðhelgi einkalífs. Handlaug skal vera í íbúðarherbergi sé snyrting ekki inn af því.⁷

3 Sérstakt hreinlæti

Ítrasta hreinlætis skal gætt í samræmi við þá starfsemi sem um ræðir og húsnæði og búnaði ávallt haldið hreinu og snyrtilegu. Allsherjarhreingerning skal fara fram eftir þörfum en að minnsta kosti árlega.⁸

Starfsfólk skal gæta ítrasta hreinlætis við störf sín. Ávallt skal þvo hendur fyrir og eftir snertingu við viðskiptavin, meðferðir eða aðgerðir og hvers konar inngrip. Einnota hanskar skulu notaðir þar sem við á.⁹

Þvott, þar sem meðferðir og inngrip eru og hætta er á húðrofi eða að húð sé rofin, skal þvo við 60°C – 90°C. Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo og geyma í skápum eða ílátum.¹⁰

⁴ Rg. 903/2024, 35. gr.

⁵ Rg. 903/2024, 32. gr., 35. gr.

⁶ Rg. 903/2024, 32. gr.

⁷ Rg. 903/2024, 36. gr.

⁸ Rg. 903/2024, 32. gr.

⁹ Rg. 903/2024, 32. gr.

¹⁰ Rg. 903/2024, 32. gr.

4 Smitgát og sóttvarnir

Þar sem gerðar eru stungur á húð skal viðhafa sérstaka smitgát. Nota skal hreinan búnað og sótthreinsuð eða dauðhreinsuð áhöld fyrir hvern viðskiptavin.¹¹

Nota skal einnota búnað, svo sem nálar, þar sem því verður við komið. Margnota áhöld sem fara í gegnum húð skulu vera dauðhreinsuð.¹²

Dauðhreinsuð áhöld skulu þökkuð eða varin á viðurkenndan hátt og geymd fram að notkun í lokuðum umbúðum eða ílátum þar sem þau verða ekki fyrir utanaðkomandi óhreinindum eða hnjaski.¹³

Tæki og áhöld skal þvo vandlega og sótthreinsa eða dauðhreinsa svo fljótt sem auðið er eftir notkun og ávallt á milli notkunar og á milli einstaklinga. Hreinsun skal framkvæmd með viðeigandi efnum og aðferðum og tækjabúnaði sem er yfirfarinn og gæðaprófaður reglulega með viðurkenndum aðferðum.¹⁴

Fylgja skal notkunarleiðbeiningum á umbúðum sótthreinsivara til að tryggja fulla og rétta virkni þeirra og að ekki hljótist af þeim skaði. Vörur skulu uppfylla kröfur reglugerðar um sæfivörur.¹⁵

Dauðhreinsibúnað skal prófa með sporaprófum eða öðrum viðurkenndum aðferðum. Prófun skal fara fram eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Niðurstöður prófa skulu verða aðgengilegar eftirlitsaðila.¹⁶

5 Sóttmengaður úrgangur

Rekstraraðili skal tryggja að allur sérstakur úrgangur sem fellur til vegna heilbrigðisþjónustu sé meðhöndlaður á viðunandi hátt í samræmi við l. viðauka rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og þess gætt að hann blandist hvorki við heimilisúrgang né annan úrgang.¹⁷

Flokka skal úrgang frá heilbrigðisþjónustu á upprunastað. Sérstökum úrgangi skal tafarlaust pakkað í viðeigandi umbúðir eftir að hann hefur myndast, hann merktur og komið í geymslu í loftræstu og lokuðu rými þar til hann er fluttur til förgunar. Sá sem sér um flutning á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisþjónustu skal hafa starfsleyfi. Halda skal kvittunum um móttöku, hvort sem er á pappír eða tölvutæku formi, til haga fyrir eftirlitsaðila.¹⁸

¹¹ Rg. 903/2024, 32. gr., 35. gr.

¹² Rg. 903/2024, 32. gr., 35. gr.

¹³ Rg. 903/2024, 32. gr., 35. gr.

¹⁴ Rg. 903/2024, 32. gr., 35. gr.

¹⁵ Rg. 878/2014.

¹⁶ Rg. 903/2024, 32. gr.

¹⁷ Rg. 903/2024, 32. gr. og rg. 803/2023, 12. gr., l. viðauki

¹⁸ Rg. 803/2023, 12. gr., l. viðauki

Rekstraraðili skal tryggja að starfsfólk sem meðhöndlar sérstakan úrgang frá heilbrigðisþjónustu fái fræðslu um meðhöndlun hans og upplýsingar um þá ábyrgð sem það ber varðandi slíkan úrgang. Skrá skal þjálfun og fræðslu starfsfólks.¹⁹

¹⁹ Rg. 803/2023, 12. gr.